

## Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. október 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-22/2017.

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Þann 4. apríl 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um þjónustu fyrirtækisins Y, hér eftir seljandi.

### II

#### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kærunefndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila varðar viðgerð á sjálfsskiptingu bifreiðarinnar xx-000 sem seljandi framkvæmdi áður en álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni. Eftir kaupin segist álitsbeiðandi hafa orðið var við það að sjálfsskipting bifreiðarinnar væri ekki í lagi og hafði því samband við seljanda og krafðist þess að hann bætti úr galla á viðgerðinni. Í mars árið 2017 fór bifreiðin í viðgerð hjá seljanda þar sem ný sjálfsskipting var sett í bifreiðina, en sú skipting var sameinuð skiptingunni sem fyrir var í bifreiðinni. Álitsbeiðandi kveðst ekki hafa fengið upplýsingar um ástand, árgerð eða akstur skiptingarinnar sem notuð var við viðgerðina. Þegar álitsbeiðandi leitaði svara hjá seljanda fékk hann þær upplýsingar að um gamla skiptingu væri að ræða en seljandi neitaði að sögn álitsbeiðanda að afhenda honum skriflega staðfestingu á ástandi þeirrar skiptingar sem notuð var við verkið.

Álitsbeiðandi gerir þær kröfur fyrir kærunefndinni að hann fái „einhverja pappíra“ í hendur um viðgerðina, ástand varahlutsins sem notaður var og staðfestingu á að ábyrgð fylgi þessari viðgerð. Hinn 18. maí 2017 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem krafist var nánari útskýringa og rökstuðning fyrir kröfu sinni. Álitsbeiðandi svaraði sama dag og gerði enn þá kröfu að hann fái upplýsingar um ástand og árgerð varahlutarins og fái staðfestingu á því hvort ábyrgð sé á viðgerðinni.

Í andsvörum seljanda, dags. 26. apríl 2017, kemur fram að sú skipting sem notuð var hafi verið jafn gömul og bifreið álitsbeiðanda.

Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) er gildissvið laganna skilgreint. Þar segir:

*„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:*

- 1. vinnu við lausafjármuni,*
- 2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,*
- 3. geymslu á lausafjármunum,*
- 4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.*

*Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“*

Af skilgreiningu þessari leiðir að ágreiningur vegna viðgerðarþjónustu á bifreiðum á almennt undir ákvæði framangreindra laga.

Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kærunefndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Krafa álitsbeiðanda byggir ekki á tilteknu ákvæði þkpl. og má raunar ekki finna ákvæði í lögnum sem mælir fyrir um slíka skyldu seljanda þjónustu. Í ljósi þessa telur nefndin að það falli utan valdsviðs nefndarinnar að mæla fyrir um skyldu seljanda til að gefa út skjal þess efnis sem álitsbeiðni gerir kröfu um. Er því óhjákvæmilegt, með vísan til ofangreinds og samanber 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 að vísa máli þessu frá kærunefndinni.

### III

#### Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson